

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júní 2013
Tilvísun: UST20130600122/bs

Bolungarvíkurlína 1. Breyting á legu og lagning jarðstrengs í Bolungarvík. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í framkvæmdinni felst að núverandi Bolungarvíkurlína 1 verður færð af ofanflóðahættusvæði frá núverandi tengivirki að nýju tengivirki við Tjarnarkamb. Bolungarvíkurlína 1. verður lögð á um 470 m löngum kafla sem loftlína og sem jarðstrengur frá endamastri við veg 629 að nýju tengivirki og varaafstöð, alls um 1000 m að lengd.


Fyrirhuguð Bolungarvíkurlína 1. mun ekki liggja um verndarsvæði. Við framkvæmdina verður hvorki raskað jarðmyndunum né vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjónræn áhrif línunnar munu minnka frá því sem nú er vegna fækkunar mastra.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson

sérfræðingur



Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur